

Afrekssjóður Klifursambands Íslands

Starfsreglur

1. gr. Hlutverk

Afrekssjóður Klifursambands Íslands er sjóður til að styðja við afreksíþróttafólk og afreksefni sem hafa náð árangri í íþróttinni.

2. gr. Fjármagn

Fjárhæð til úthlutunar ár hvert er tilgreind í fjárhagsáætlun Klifursambands Íslands (KÍ). Stjórn KÍ hefur heimild til að veita viðbótarfjármögnun í sjóðinn á stjórnarfundum ef þörf er talin á því. Jafnframt geta samstarfsaðilar og styrktaraðilar KÍ sett viðbótarfjármagn í sjóðinn.

3. gr. Umsjón

Framkvæmdastjóri KÍ fer með umsjón sjóðsins. Hann heldur utanum þá einstaklinga sem náð hafa afreksviðmiðum og greiðir út styrki þegar viðkomandi einstaklingur fer í styrkhæfa ferð.

4. gr. Markmið

Markmið sjóðsins er eftirfarandi:

- Styðja við afreksíþróttafólk í klifri sem náð hafa afreksviðmiðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan.
- Styðja við afreksefni í klifri sem náð hafa afreksviðmiðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan.

5. gr. Skilyrði

- Styrkþegar skulu vera aðilar að KÍ.
- Styrkirnir eru í formi ferðastyrkja á mót og æfingaferðir sem eru á vegum KÍ. Styrkþegum er einnig heimilt að nýta styrkin fyrir önnur mót sem eru flokkuð sem A, B eða C mót samkvæmt afrekss stefnu KÍ.
- Einstaklingar hafa 12 mánuði frá deginum sem afrekið var unnið til þess að nýta ferðastyrkinn.
- Ferðin sem afrekið er unnið í er ekki styrkhæf fyrir þann afrekssstyrk sem viðkomandi vann sér inn með því afreki.
- Aðeins er úthlutað úr sjóðnum ef fjármagn er til staðar í honum. Ef sjóðurinn klárast í ferð þar sem fleiri einstaklingar óska eftir nýtingu afrekssstyrks en fjármagn er til þess að greiða þeim að fullu er heildarfjármagni deilt á styrkhafana. Það telst samt sem áður einn ferðastyrkur á mann.

6. gr. Afreksviðmið fyrir ferðastyrki

Afrekssstyrkirnir eru í formi ferðastyrkja. Hver ferðastyrkur er 25.000 kr. Hægt er að fá mismarga ferðastyrki þegar afrek eru unnin. Ef einstaklingur nær afreki í tveimur flokkum með sama klífrinu gildir afrekið sem veitir fleiri styrki, s.s. það er ekki tvítalið. Afreksviðmiðin eru eftirfarandi:

- Íslandsmeistarar í opnum flokki: 2x 25.000 kr.
- Topp 10 í opnum flokki á NM: 4x 25.000 kr.
- Topp 10 í unglingsflokkum á NM: 4x 25.000 kr.
- Komast í undanúrslit í unglingsflokkum á Evrópu- eða heimsvettvangi: 6x 25.000 kr.
- Komast í undanúrslit í fullorðinsflokkum á Evrópu- eða heimsvettvangi: 8x 25.000 kr.
- Topp 5 á erlendu móti á landsvettvangi í opnum flokki (t.d. Svíþjóðarmeistaramót eða danskt bikarmót): 1x 25.000 kr ferðastyrkur.
- Topp 10 í opnum flokki á sterku alþjóðlegu móti (t.d. CWIF eða Bloc Masters): 4x 25.000 kr ferðastyrkur. Sækja þarf sérstaklega um styrk ef unnin eru afrek á mótum sem þessum og mun stjórn, í samráði við landsliðsþjálfara, meta hvort afrekið sé styrkhæft.

7. gr. Úthlutanir og umsóknir

Iðkandi þarf að óska eftir nýtingu ferðastyrks með tölvupósti á framkvæmdastjóra KÍ. Í umsókn þarf að koma fram nafn og kennitala iðkanda.

Almennt er úthlutað úr sjóðnum þegar ferðir á vegum KÍ eru gerðar upp við viðkomandi styrkþega. Ef styrkþegi ætlar að nýta styrkinn fyrir styrkhæft mót sem er ekki á vegum KÍ þarf að sækja um það sérstaklega með því að senda póst á framkvæmdastjóra KÍ á klifursamband@klifursamband.is.

Ef óljóst er hvort ákveðin ferð sé styrkhæf getur framkvæmdarstjóri lagt fram málið til stjórna KÍ sem tekur ákvörðun um hvort veittur verður styrkur fyrir ferðinni.

8.gr. Uppgjör

Almennt er greitt úr sjóðnum þegar ferðir á vegum KÍ eru gerðar upp við viðkomandi styrkþega.

Ef styrkurinn var nýttur í ferð sem ekki er skipulögð af KÍ þarf að senda póst á framkvæmdastjóra KÍ ásamt stuttri greinagerð. Þetta þarf að gera innan við 6 mánuðum frá ferðinni. Miðast er við stöðu sjóðsins þegar greinagerðin berst.

9. gr. Kynningarmál

Upplýsingar um sjóðinn skulu vera á heimasíðu Klifursambands Íslands.

10. gr. Gildistími

Starfsreglur þessar taka gildi þegar stjórn KÍ hefur staðfest þær og gilda þar til stjórn KÍ ákveður annað.

Samþykkt af stjórn KÍ þann 6. september 2023.